

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2003

frá 5. desember 2003

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/19/EB frá 21. mars 2003 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB um massa og mál tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra með tilliti til aðlögunar að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45w (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0019:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/19/EB frá 21. mars 2003 (Stjtið. ESB L 79, 26.3.2003, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/19/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 79, 26.3.2003, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann